

## **Nd. 777. Breytingartillögur**

við frv. til l. um róðrartíma fiskibáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með reglugerð brottfarartíma allra þeirra báta til fiskiróðra, sem sækja til fiskjar frá veiðistöðvum við Faxaflóa, svo og setja ákvæði um eftirlitsskip í flóanum og um samband bátanna við þau, eftir því sem þurfa þykir.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. Við 3. gr. (sem verður 2. gr.). Fyrri másl. orðist svo:  
Hreppsnefndir og bæjarstjórnir hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga skulu hver um sig kjósa 3 bátaformenn til þess, ásamt skipstjórum eftirlitsskipa, að hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirumælum þeim, er sett kunna að verða samkvæmt ákvæðum 1. gr.
4. Við 4. gr. Greinin falli burt.
5. Við 5. gr. (sem verður 3. gr.).
  - a. Upphaf greinarinnar orðist svo:  
Brot gegn reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt lögum þessum, varða o. s. frv.
  - b. Aftan við greinina bætist: Mál út af brotum skulu sækja meðferð opinberra mála.
6. Við 6. gr. Greinin verði 4. gr.